

Skilmálabreytingar

Skilmálar sjónvarpsdreifingar

3. grein skilmála sjónvarpsdreifingu Vodafone breytast sem hér segir og verður framvegis 6. grein

Var:

Vodafone leigir áskrifanda nauðsynlegan búnað sem getur verið myndlykill eða aðgangskort (CAM kort), fjarstýring og tengisnúru gegn greiðslu samkvæmt verðskrá hveru sinni, birtri á vodafone.is. Áskrifanda er óheimilt að; gera eða láta gera nokkrar breytingar á búnaðinum (óheimil meðferð myndlykla er refsiverð skv. 28. gr. og 33. gr. útvarpslaga nr. 53/2000), leyfa öðrum að nota búnaðinn með því að selja, leigja, gefa eða láta hann af hendi með öðrum hætti, tengja búnaðinn við sjónvarpstæki utan skráðs notkunarstaðar hans (þó er áskrifanda heimilt að nota búnaðinn á tímabundnum dvalarstað, svo sem í sumarhústað, háð dreifileið) eða taka upp efni úr dagskrá einstakra miðla nema til einkaafnota á skráðum notkunarstað áskriftarbúnaðarins.

Verður:

Vodafone (Sýn hf.) býður áskrifanda að leigja búnað (t.d. myndlykil eða aðgangskort (CAM kort) til að nota sjónvarpsþjónustu Vodafone (Sýn hf.) gegn greiðslu samkvæmt gildandi verðskrá Vodafone (Sýn hf.) hverju sinni. Áskrifanda er óheimilt að; gera eða láta gera nokkrar breytingar á búnaðinum (óheimil meðferð myndlykla er refsiverð skv. 28.gr. og 33.gr. útvarpslaga nr. 53/2000), leyfa öðrum að nota búnaðinn með því að selja, leigja, gefa eða láta hann af hendi með öðrum hætti, tengja búnaðinn við sjónvarpstæki utan skráðs notkunarstaðar hans (þó er áskrifanda heimilt að nota búnaðinn á tímabundnum dvalarstað, svo sem í sumarhústað, háð dreifileið) eða taka upp efni úr dagskrá einstakra miðla nema til einkaafnota á skráðum notkunarstað áskriftarbúnaðarins. Áskrifandi getur óskað eftir að fá til notkunar aukamyndlykil á sama stað og sá myndlykill er sem hann hefur fyrir, bundið sömu skilyrðum og koma fram hér á undan. Vodafone (Sýn hf.) ábyrgist ekki að notandi hafi alltaf jafnan aðgang að sjónvarpsþjónustu Vodafone (Sýn hf.).

Nýjar viðbætur í skilmála sjónvarpsdreifingar Vodafone

3. Þjónustan er reglulega uppfærð og breytt á hverjum tíma þar sem nýju myndefni er reglulega bætt við og annað myndefni tekið úr notkun. Vodafone (Sýn hf.) áskilur sér rétt til þess að breyta því myndefni sem aðgengilegt er hverju sinni án tilkynningar, þ.m.t. bæta við nýju myndefni, fjarlægja myndefni eða breyta viðmóti eftir því sem Vodafone (Sýn hf.) telur rétt á hverjum tíma, sem og vegna samninga við rétthafa.

4. Allur réttur á kvikmyndum, ljósmyndum, grafík og öðru höfundarréttarvörðu efni er keypt undir samningi af Sýn og tilheyrir samstarfsaðilum félagsins, efniseigendunum. Efnið sem viðskiptavinir geta nálgast gegnum sjónvarpsþjónustur Sýnar, þar með talið höfundarréttarvarið efni innan efnisins, er eign efniseiganda og samstarfsaðila þeirra og er varið af höfundarréttarlögum Bandaríkjanna sem og annarra höfundarréttarsamtaka víðs vegar um heim. Sýn, efniseigendur og samstarfsaðilar efniseigenda veita viðskiptavinum Sýnar engin réttindi gagnvart því efni sem þeir kunna að eiga viðskipti með við Sýn.

5. Áskrifandi sem kaupir myndefni í gegnum viðmót sjónvarpsþjónustu Vodafone (Sýn hf.) hefur einvörðungu kost á að niðurhala því efni, sé það mögulegt, á Íslandi.

7. Áskrifandi á kost á að streyma myndefni í gegnum app félagsins eða gegnum vefsíjónvarp félagsins. Vodafone (Sýn hf.) ábyrgist ekki útsendinga og móttökuskilyrði appsins eða vefsíjónvarps. Vodafone (Sýn hf.) ábyrgist ekki að áskrifandi hafi alltaf jafnan aðgang að sjónvarpsþjónustu appsins. Ófyrirsjáanlegir atburðir geta leitt til þess að notandi missi aðgang að þjónustunni. Vodafone (Sýn hf.) ber ekki ábyrgð á því þótt samband rofni um stund en mun þó leitast við að koma sambandi á að nýju án ástæðulauss dráttar. Vodafone (Sýn hf.) ber ekki ábyrgð á því verði rof á tengingu vegna skemmdarverka eða línurofs á heimili áskrifanda eða hjá þriðja aðila. Hverri áskrift að appi félagsins fylgir einn samtímastraumur en hægt er að setja upp aðgang í fleiri viðtæki sem styðja við appið innan hvers heimilis. Vodafone áskilur sér rétt að takmarka fjölda viðtækja í hverri áskrift. Áskrifandi ábyrgist að öll tækin séu í eigu áskrifanda eða nánustu fjölskyldumeðlima sem búa innan sama heimilis. Vodafone (Sýn hf.) ábyrgist ekki að notandi hafi alltaf jafnan aðgang að sjónvarpsþjónustu Vodafone (Sýn hf.).

13. Sjónvarpsþjónusta Vodafone (Sýn hf.) er eingöngu til einkanota en ekki til opinberrar dreifingar. Opinber dreifing telst t.d. til notkunar á hótélum, hárgreiðslustofum, líkamsræktarstöðvum o.s.frv. Gildir ofangreint bæði um leigur á kvikmyndum, kaup á kvikmyndum, sem og dreifingu á innlendum og erlendum stöðvum. Séu skilmálar þessir brotnir áskilur Vodafone (Sýn hf.) sér rétt til að stöðva þjónustuna án frekari viðvarana.

14. Mögulegt er að kaupa viðbótaráskriftir og stakt myndefni ásamt því að leigja stakt myndefni í gegnum viðmót sjónvarpsþjónustu Vodafone (Sýn hf.). Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að gera viðeigandi ráðstafanir í viðmóti til þess að tryggja að aðrir notendur þjónustunnar eða óviðkomandi kaupir ekki eða leigi ekki myndefni án heimildar áskrifanda, s.s. með því að setja lyklnúmer (PIN) sem skilyrði fyrir kaupum á áskrift eða leigu myndefnis. Viðskiptavinur er skyldur að greiða fyrir allar áskriftir eða myndefni sem hafa verið leigðar og/eða keyptar í gegnum viðmót þjónustunnar.

15. Gæði og virkni þjónustunnar getur verið mismunandi eftir því viðtæki sem notandi nýtir til áhorfs, og hafa margir mismunandi þættir áhrif á þjónustuna, s.s. staðsetning, aðgengileg bandvidd og/eða hraði internettengingar sem áskrifandi notar til þess að nálgast þjónustuna. Vodafone (Sýn hf.) leitast við að afhenda þjónustuna í samræmi við gæði tengingar hverju sinni.